

Endurskoðun kosningalaga

From: Björn Leví <bjornlevi@gmail.com>
Sent: 2. maí 2015 11:06
To: Kosningalög
Subject: Kjölfundur og framkvæmd talningar

Sæl,

Í alþingiskosningunum 2013 voru greidd 193.792 atkvæði. Af þeim atkvæðum fengu núverandi stjórnarflokkar 96.627 atkvæði. Það eru 49,861191380449141347424042272127% atkvæða - samt eru þeir með 60,3% þingsæta.

Út af 5% lýðræðisþröskuldinum þá mættu 27.097 manns og greiddu atkvæði en fengu engan fulltrúa á alþingi. Þetta voru kjósendur sem kusu Dögun, Flokk heimilanna, Lýðræðisvaktina, Hægri græna, Regnbogann, Landsbyggðarflokkinn, Sturlu Jónsson, Húmanistaflokkinn og Alþýðufylkinguna – ásamt því að skila auðu eða ógildu. 27.097 manns væru stærra kjördæmi en NV-kjördæmi, pínulítið minna en NA-kjördæmi. Misskipting atkvæða, sem er nægilega mikið vandamál, er því smámál miðað við hversu margir kjósendur fengu ekki fulltrúa á alþingi þrátt fyrir að hafa tekið þátt í kosningunum.

Ef tekið er tillit til auðra og ógildra atkvæða, þau eru í raun kjósendur sem sitja hjá í öllum atkvæðagreiðslum og tákna kjósendur sem mæta á kjörstað og greiða engum flokki atkvæði sitt, þá væru Píratar bara með 4,978% atkvæða og hefðu ekki komist á þing. Þá hefði fjöldi atkvæða án fulltrúa verið 36.744. Fleiri en kjósendur í suðurkjördæmi, fjórða stæsta kjördæmið.

Það verður að afnema 5% þröskuldinn til þess að koma í veg fyrir þennan gríðarlega lýðræðishalla sem getur orðið í núverandi kerfi. Það er ekki hægt að segja að síðustu kosningar hafi verið útlagi í gagnasettinu, það er alveg jafn líklegt að svipaðar niðurstöður verði í næstu kosningum eða amk einhvern tíma aftur.

Það verður að skýra betur áhrif auðra og ógildra atkvæða. Með því að fella þau niður í talningu er verið að gera lítið úr þátttöku fólks í atkvæðagreiðslunni, þátttöku sem er meiri en þeirra sem sitja heima og greiða ekki atkvæði. Með því að fella þau atkvæði niður þá er verið að segja við fólk að það hefði alveg eins getað setið heima.

Takk fyrir,
Björn Leví Gunnarsson
kt: 010676-6069